

Efnisyfirlit

Dýr og dýravínir	5
Siggi var úti –brot–	6
Ding Dong	6
Krumminn í hlíðinni	7
Komðu kisa mín	7
Fiskarnir tveir	8
Út um mela og móa	9
Göngum, göngum	9
Krummi krunkar úti	10
Sex litlar endur	10
Hver var að hlæja	10
Hann Tumi fer á fætur	11
Litlu andarungarnir	11
Snati og Óli	12
Fagur fiskur í sjó	12
Nú skal syngja um	13
Fimm litlir apar	14
Mýsla tísla tása túsla	14
Litlir froskar	15
Bjarnastaðabeljurnar	15
Syngjandi geng ég allstaðar	16
Söngur dýranna í Týról	17
Lítið lasið skrímsli	18
Ef að sérðu krökódfíl	19
Brunabíll, köttur og skógarþröstur	19
Mýslukvæði	20
Lóan	20
Bangsímonlagið	21
Litla flugan	21
Vor og sumar	22
Völuvísa	23
Blátt lítið blóm eitt er	23
Þú sólargeisli	23

Söngbók Krummafótar

Ég er gula blómið fína.....	24
Með vindinum þjóta skúraský.....	24
Óskasteinar.....	25
Smaladrengurinn.....	25
Vorvindar glaðir.....	26
Sumarkveðja.....	26
Með sól í hjarta.....	26
Við göngum svo léttir í lundu.....	27
Upp á grænum.....	27
Sól sól skín á mig.....	28
Vertu til.....	28
Óbyggðiferð.....	29
Þýtur í laufi.....	29
Allir krakkar á kreik.....	29
Kvöldið er okkar.....	30
Bráðum fæðast lítil lömb.....	30
Þingvallasöngur.....	31
Signir sól.....	31
Máistjarnan.....	32
Vikivakar.....	33
Það búa litlir dvergar.....	34
Smalavísa.....	34
Allir krakkar.....	35
Sigling.....	35

Haust og vetur 36

Nú er úti norðanvindur.....	37
Frost er úti fuglinn minn.....	37
Út í mó.....	38
Berjavísur.....	38
Mér er kalt á tånun.....	39
Þorraþrællinn 1866 (brot).....	39
Í rigningu ég syng.....	40
Skýin.....	40

Nafnavísur og hreyfisöngvar 41

Keli káti karl.....	42
Kalli litli kónguló.....	42
Dúkkun hennar Dóru.....	42

Söngbók Krummafótar

Lína langsokkur.....	43
Strætisvagninn.....	44
Kolakassinn	44
Stóra brúin.....	45
Ein ég sit og sauma	45
Frænkuvísur	46
Tilfinningablús	46
Í grænni lautu	46
Höký Þöký.....	47
Fram, fram fylking.....	47
Ég ætla að syngja,	48
Fingurnir	49
Fingurnir	49
Fingrapula.....	50
Talnapulan.....	51
Ég heyri þrumur.....	51
Óli og Berta	52
Þegar fólkið fer að búa	52
Nafnavísur	52
Gráðug kelling	53
Ég heyri svo vel	53
Nammilagið.....	54
Bakarinn	54
Hreyfa litla.....	55
Höfuð, herðar, hné og tær.....	55
Einn var að smíða	55
Við klöppum öll	56
Þú skalt klappa.....	56
Söngvasveinar.....	56

Barnagælur og lausavísur 57

Lausavísur	58
Þabbi, þabbi minn	60
Palli var einn í heiminum	60
Í leikskóla er gaman	61
Sofðu, unga ástin mín	61
Dvel ég í draumahöll.....	62
Fimmeyringurinn	62

Ræningjavísur.....	63
Lonníetturnar.....	64
Ríðum heim til Hóla.....	64
Kanntu brauð að baka.....	65
Við erum góð.....	66
Í Hlíðarendakoti.....	67

Úr ýmsum áttum 68

Grænmetissöngurinn.....	69
Fatavísur.....	69
Lagið um það sem er bannað.....	70
Við setjum svissinn á.....	71
Dagar og mánuðir.....	71
Komdu nú.....	71
Skugginn minn.....	72
Tönnin mín.....	73
Við litum.....	74
Ryksugulagið.....	75
A B C D.....	75
Bíólagið.....	76
Súrmjólkursöngurinn.....	77
Allur Matur.....	77
Indfána­lagið.....	78
Það er leikur að læra.....	79
Stígvéla­lag. (lag: a b c d).....	79
Fisk og franskar.....	80
Á íslensku má alltaf finna svar.....	80
Kvæðið um fuglana.....	81
Hnátutá­tablús.....	81
Furðu­verk.....	82
Hátt upp í fjöllunum (Skoppa og Skríttla).....	83
Ef þú ert sár.....	84
Lítill heimur.....	85
Bátasmiðurinn.....	85
Næturljóð úr Fjörðum.....	86

Ðýr og dýravínir



Siggi var úti –brot–

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar hann hafði þær suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi hann, að lágfóta dældirnar smó.
:,:A, ga, ga, kvað tófan á grjóti,:
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.
Aumingja Siggi, hann þorir ekki heim.

Jónas Jónasson frá Hrafnagili

Ding Dong

Ding dong sagði lítill grænn froskur einn dag
ding dong sagði lítill grænn froskur.
Ding dong sagði lítill grænn froskur einn dag
og svo líka: ding dong spojojojjong.
(blikka augum til skiptis, hrista haus)

-King kong sagði stór svartur api einn
dag....(AAAAAA, slá á bringu)

-Um e (tunga út) sagði lítil græn eðla einn dag
(eeee, tunga út)

-Mjá mjá sagði lítil grá kisa einn dag....
(mmmjjjáááá)

-Blúbb blúbb sagði lítill blár fiskur einn
dag....(blúbbblúbbblúbbblúb)

Krumminn í hlíðinni

Krumminn í hlíðinni,
hann var að slá.
Þá kom lóa lipurtá
og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
og bannaði henni að segja frá.
Svo kom spói spíssnefur
og hann sagði frá
-prakkarinn sá!
Þó var ljáin ekki nema
hálf annað puntstrá.

Komdu kisa mín

Komdu kisa mín.
Kló er falleg þín
og grátt þitt gamla trýn.
Mikið malar þú,
mér það líkar nú.
Víst ertu vænsta hjú.
Banar margri mús,
mitt þú friðar hús,
ekki er á þér lús,
oft þú spilar brús.
Undrasniðug, létt og liðug
Leikur bæði snör og fús.
Við skulum drekka dús.

Fiskarnir tveir

Nú skulum við syngja um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo,
þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: vatnið er kalt.

Baba, búbú baba, bú- baba, búbú, baba bú.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: vatnið er kalt.

Einn hét Gunnar og hinn hét Geir.
Þeir voru pínulitlir báðir tveir,
þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: vatnið er kalt.

bababúbú baba bú.....



Út um mela og móa

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

A-a-a hollerahahía,
Hollera, ha, ha, hú, hú,
Hollerahahía, hollera, ha, ha,
Hollerahahía, hollera, ha, ha,
Hollerahahía hó.

Út um stendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð. --A-a-a hollerahahía.....

Hér er krían á kreiki
þarna er krummi á reiki.
Börnin léttstíg í leiki
fara líka í dag. --A-a-a hollerahahía.....

Göngum, göngum

Göngum, göngum,
göngum upp í gilið.
Gljúfurárþúann til að sjá.
Þar á klettasyllu
svarti krummi
sínnum börnum liggur hjá.

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
Kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.“

Sex litlar endur

Sex litlar endur þekki ég
fimm eru mjóar og ein er sver.
Ein þeirra vappar og sperrir stél
fremst í flokki og segir kvakk, kvakk, kvakk.
Segir kvakk, kvakk, kvakk.

Niður að sjónum vilja þær
vagga vibbe vabbe vibbe vabbe til og frá.
Ein þeirra vappar og sperrir stél
fremst í flokki og segir kvakk, kvakk, kvakk.
Segir kvakk, kvakk, kvakk.

Hver var að hlæja

Hver var að hlæja þegar ég kom inn
kannski það hafi verið kötturinn.
;.:Jæja, nú jæja, látum hann hlæja
kannski að hann hlæi ekki í annað sinn.:.

Hann Tumi fer á fætur

Hann Tumi fer á fætur
við fyrsta hanagal
að sitja yfir ánum
lengst inni í Fagradal.

Hann lætur hugann líða
svo langt um dal og fjöll,
því kóngur vill hann verða
í voða stórrí höll.

Og Snati hans er hirðífl
og hrútur ráðgjafinn,
og smalahóll er höllin.-
En hvar er drottningin?

Freysteinn Gunnarsson

Litlu andarungarnir

Litlu andarungarnir
:,:allir synda vel:,:
:,:Höfuð hneigja í djúpið
og hreyfa lítil stél:,:

Litlu andarungarnir
:,:ætla út á haf:,:
:,:Fyrst í fjarlægð skima
og fara svo í kaf:,:

Snati og Óli

Heyrðu snöggvast, Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu ekki hringinn þinn
ég hermannlega bæri?

Lof mér nú að leika að
látúnshálsgjörð þinni.
Ég skal seinna jafna það
með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn
þér er heimil ólin.
En hvenær koma, kæri minn,
kakan þín og jólin?

Þorsteinn Erlingsson

Fagur fiskur í sjó

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur slyngur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta,
svo skal högg á detta.

Nú skal syngja um

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu mu mu!

Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust
þau gefa okkur eggin
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga ga ga gó!

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull!
Me me me, me me me me me!
Me me me, me me me me me!
Me me me, me me me me me!
Me me me me me!

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar
sátu upp í tré.
Þeir voru að stríða krókódíl
“þú nærð ekki mér”
Þá kom hann herra Krókódíll,
svo hægt og rólega –
og NAMM! (lófum smellt saman eins og gini)

Fjórir litlir apar sátu...
(sungid þar til enginn api er eftir)

Mýsla tísla tása túsla

Ég er mús eins og allir sjá
lík er pabb' og mömmu sem ég á.
Ostur besta sem ég veit,
enda er ég svolítið feit.
Svona er aðvera mús
og kunna ekki að
drekki úr krús.
Því mig langar svo oft í djús.

Ég heiti mýsla, tísla, tásla, túsla.
Mýsla, tísla, tásla, túsla.
Mýsla, tísla, tása, túsla.
Þetta heiti ég .

Litlir froskar

Litla froska – litla froska
er skemmtilegt að sjá.
Litla froska – litla froska
er skemmtilegt að sjá.

Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk,
Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk.
Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk,
Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk.

Engin eyru – engin eyru
né hala hafa þeir.
Engin eyru – engin eyru
né hala hafa þeir.

Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk,
Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk.
Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk,
Kuakk, kuakk, kuakk, kuakk, kuakk.

Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar,
þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar
það vantar eina kúna.
Það gerir ekkert til.
Það gerir ekkert til.
Hún kemur um miðaftansbil.

Syngjandi geng ég allstaðar

Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég allstaðar.
Sí og æ, æ og sí
aldrei fæ ég nóg af því.

:::Einu sinni ég átti kú. :::
Hún sagði ekki mö, heldur ba ba bú.
Já, býsna skrytinn var kýrin sú.

:::Ég átti hund sem oft svaf fast. :::
Og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

:::Ég átti klár sem Kappi hét. :::
Og ef ég hnakk minn á hann lét.
Hann út af lagðist og stundi og grét.

:::Ég átti kött sem var klókur og vís. :::
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

:::Ég átti hrút, og hann var grár. :::
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

:::Einu sinni ég átti geit. :::
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
Því feimin hún var og undirleit.

Söngur dýranna í Týról

Hann fór í veiðiferð í gær
hann Úlfgang bóndi.
Hann skildi húsið eftir autt
og okkur hér.
Við erum glöð á góðri stund
og syngjum saman
stemma sem hann Helmut kenndi mér.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskap hér og sjá.

Jorúloriloihí,
jorúloriloiúhú.
Mjá, mjá, mjá mjá, mjá, aha ha ha.
Jorúloriloihí,
jorúloriloiúhú,
mjá mjá mjá mjá mjá mjá.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskp hér og sjá.
Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskp hér og sjá.

Jorúloriloihí.....

Lítið lasið skrímsli.

Ég er lítið, lasið skrímsli og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik og mig vantar snýtuklút.
Ég er orðinn upplitaður, ég er orðinn voða sljór.
Ég held ég hringi í lækni því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli s
em er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg
og ég held að aldrei aftur muni á mér vaxa skegg.
Ó mamma, elsku mamma, nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ornum, annars kemst ég ekki á stjá!

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef.



Ef að sérðu krókódíl

Ef að sérðu krókódíl í þínu baðkeri,
vertu ekki við hann hræddur sýndu hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu þar að snæðingi.

Ef að situr stærðar górilla í geymslunni,
skaltu taka því með ró, þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana hún sýnir kurteisi.

Ef að liggur stærðar ljón á þínu skrifborði
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði
heldur klappa því á bakið svo það steinsofni.

Brunabíll, köttur og skógarþröstur

Ba, bú, ba, bú, brunabíllinn flautar.
Hvert er hann að fara?
Vatn á eld að sprauta -
tss, tss, tss, tss!
Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa kisa.
Hvert er hún að fara?
Út í skóg að ganga -
uss, uss, uss, uss!
Skógarþröst að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarþröstur syngur.
Hvert er hann að fara?
Burt frá kisu flýgur -
víí, víí, víí, víí!
Loftin blá hann smýgur

Mýslukvæði

Leit ég litla mús
læðast inn í hús.
Kötturinn að krækja í hana
kannski yrði fús.

Músin fékk sér mat
matinn við hún sat.
Þegar kisi þarna birtist
þaut hún o'num gat.

“Heyrðu heillin smá”
hvæsti kisi þá.
“Í þig hef ég heillin góða
hugsað mér að ná”

Hop og hopp og hí
hann varð samt af því.
Þó fljótur væri að finna gatið
fest'ann sig í því.

Lóan

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefir sagt mér, að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Bangsímonlagið

Sit ég hér á grænni grein
og geri fátt eitt annað
en eta hunang borða ber
því bita allt er bannað.

Dropar detta stórir hér
dropar detta, hvað finnst þér?
Dropar detta allt um kring
og dinga, linga ling.

Vatnið vex nú ótt og títt.
Ég verð að flýja úr húsum.
Hér sit ég í alla nótt
og borða úr mínum krúsum.

Dropar detta ofan í poll,
dropar detta á minn koll.
Dropar detta allt í kring
og dinga linga ling.

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotinn milli hleina,
í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðin lítil fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Vor og sumar



Völuvísa

Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,
enda skaltu börnum þínum kenna fræðin mín,
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,
sögðu mér það gullinmura og gleym mér ei
og gleymdu því ei:
að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
honum verður erfiður dauðinn.

Guðmundur Böðvarsson

Blátt lítið blóm eitt er

Blátt lítið blóm eitt er,
ber nafnið „Gleymdu‘ei mér“,
væri ég fleygur fugl,
flygi ‘ég til þín.
Svo mína sálu nú
sigraða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

Þú sólargeisli

Þú sólargeisli sem gæist inn
og laður skýst inn um gluggann minn.
Mig langar svo til að líkjast þér
og ljósi varpa á hvern sem er.

Ég er gula blómið fína

Ég er gula blómið fína
blómið fína.
Gulu blöðin vil ég sýna,
vil ég sýna.
Kátir krakkar klöppum saman,
klöppum saman.
Ofsalega er nú gaman, er nú gaman.
(einnig sungið um bláa, rauða og græna blómið.)

Með vindinum þjóta skúraský

Með vindinum þjóta skúraský
drýpur drop drop drop,
drýpur drop drop drop.
Og droparnir hníga og detta á ný.
Drýpur drop drop drop,
drýpur drop drop drop.

Nú smáblómin vakna eftir vetrarblund.,
drýpur drop drop drop
drýpur drop drop drop.
Þau augun sín opna, er grænkar grund.
Drýpur drop drop drop
drýpur drop drop drop.

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina,
faldi þá alla vildi þeim leyna,
huldi þar í hellisskúta heillasteina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur.
Silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Hildigunnur Halldórsdóttir

Smaladregurinn

Út um græna grundu
gakktu, hjörðin mín.
Yndi vorsins undu.
Ég skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistreng.
Leikið, lömb, í kringum
lítinn smaladreg.

Steingrímur Thorsteinsson

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir:
Geysast um löndin rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
:,: Hjartað mitt litla hlustaðu á.
Hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður kætir og gleður.
Frjálst er í fjallasal,::

Sumarkveðja

Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár,
nú fellur hvítur haddur þinn
á hvíta jökulinn.

Páll Ólafsson

Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut.
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn
og kakó hitum og eldum graut.

Við göngum svo léttir í lundu

Við göngum svo léttir í lundu,
því lífsgleðin brosir oss við.
Við lifum á líðandi stundu
við lokkandi söngvanna klið.
Tra lalalala.....

Við göngum og syngjum hér saman,
því söngurinn hann er vort mál.
Og nú verður glaumur og gaman,
nú gleðjist hver einasta sál.
Tra lalalala.....

Upp á grænum

Upp á grænum, grænum, himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu, bomm, bomm, bommbaromm,
bomm bomm
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
og miðaði í hveli.
En hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Sól sól skín á mig

Sólin er risin sumar í blænum,
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.
Ómar allt lífið af ylríkum söng
unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól sól skín á mig,
ský ský burt með þig.
Gott er í sólinni að gleðja sig.
Sól sól skín á mig.

Blómbrekkur skrautlegar iðandi anga
andblærinn gælir við marglita vanga
ómar allt lífið af ylríkum söng
unaðsbjörtu dægrin löng.
--Sól sól skín á mig

Leikandi skarinn af ánægju iðar
áin til samlætis glitrar og niðar
ómar allt lífið af ylríkum söng
unaðsbjörtu dægrin löng.
--Sól sól skín á mig

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig.
Vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig,
sveifla haka og rækta nýjan skóg-hei!
Sveifla haka og rækta nýjan skóg-hei!

Óbyggðaferð

Sælt er að eiga sumarfrí.
Syngjandi útum borg og bý,
syngjandi glaður aka í,
óbyggðaferð í hópi.
O, ó, óbyggðaferð ,
ó, ó, óbyggðaferð.
O, ó, óbyggðaferð,
óbyggðaferð í hópi.

Þýtur í laufi

Þýtur í laufi, bálið brennur. (bálið brennur)
Blærinn hvíslar sofðu rótt. (Sofðu rótt)
Hljóður í hafið röðull rennur, (röðull rennur)
roðnar og býður góða nótt. (góða nótt)
Vaka þá ennþá vinir saman, (vinir saman)
varðeldi hjá í björtum dal.
Lífið er söngur, glaumur , gaman. (glaumur, gaman)
Gleðin hún býr í fjallasal.

Allir krakkar á kreik

Allir krakkar á kreik,
komum strax út í leik
því að vorið og sumarið kallar.
Leikum fjörugt og létt
eins og lömbin á sprett
út um ljómandi grundirnar allar.
Tra la la la la la.....

Kvöldið er okkar

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó.
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær,
lindin þar niðar og birkihrísan grær.

Leikur í ljósum
lokkum og angandi rósum.
Leikur í ljósum
lokkum hinn vaggandi blær.

Daggperlur glitra, um dalinn færast ró.
Draumar þess rætast sem gistir Vaglaskóg.
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær,
kyrrðin er friðandi, mild og angurvær.

Leikur í ljósum,
lokkum og angandi.....

Kristján frá Djúpalæk

Bráðum fæðast lítil lömb

Bráðum fæðast lítil lömb
leika sér og hoppa
með lítinn munn og litla vömb
lambagrasið kroppa
Við skulum koma og klappa þeim
kvölds og bjartar nætur
reka þau í húsin heim
hvít með gula fætur

Þingvallasöngur

Öxar við ána,
árdags í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána,
skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja!
Fram, fram, bæði menn og fljóð!
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð!

Steingrímur Thorsteinsson)

Signir sól

Signir sól, sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag,
fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.

Maistjarnan

Ó, hve létt er þitt skóhljóð
ó, hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga
napur vindur, sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands

Halldór K. Laxness

Vikivakar

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
-draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a....
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið mitt.
Vorið kemur heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a

Vorið kemur heimur hlýnar hjartað mitt.!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma
segðu engum manni hitt.
Vorið kemur heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a

Vorið kemur heimur hlýnar hjartað mitt.!

Það búa litlir dvergar

Það búa litlir dvergar í björtum dal.
Á bak við fjöllin háu í skógarsal.
Byggðu hlýjan bæinn sinn,
brosir þangað sólin inn.
Fjöllin enduróma allt þeirra tal.

Smalavísa

Nú vorljóðin óma
og vordagar ljóma
og smalinn í haga
hann syngur og hlær.
Tra, la, la, la, la, la, la, la, la, la
tra, la, la, la, la.

Og smalinn hann hóar
og kindurnar róar.
Hann ofar þær rekur
þær bíta sitt gras.
Tra, la, la, la, la, la, la, la, la, la
tra, la, la, la, la.

Nú lömbin þau leita
og ærnar þær reika
og fuglarnir fljúga
um háloftin blá.
Tra, la, la, la, la, la, la, la, la, la
tra, la, la, la, la.

Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar
eru í skessuleik.
Má ég ekki mamma
með í leikinn þramma.
Mig langar svo, mig langar svo
að lyfta mér á kreik

Sigling

Hafið bláa hafið, hugann dregur
hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur,
bíða mín þar æsku draumalönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér ekki fyrir.
Bruna þú nú bátur minn,
svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum,
fyrir stafni er haf og himininn.

Haust og vøtur



Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur,
þá mundi ég setja þær allar inn.
Elsku besti vinur minn.
:,: Umbarassa, umbarassa, umbarassasa :,:

Upp er runnin öskudagur
ákaflega skír og fagur
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból,
góðan dag og gleðileg jól
:,: Umbarassa, umbarassa, umbarassasa :,:

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt ,
því nú er frosið allt?
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér,
að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Út í mó

Út í mó, inni í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá,
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Berjavísur

Litli Siggí, litla Sigga
löbðu út í mó.
Bæði ber að tína
í berjafötu sína
Það var gaman, það var gaman
hopp og hæ og hó.

Mér er kalt á tǫnum

Mér er kalt á tǫnum
ég segi það satt,
skólaus og skjálfandi
og ég hef engan hatt.
Það snjóaði í morgun
það snjóaði í dag.
Ég er hreint alveg ráðalaus
en hvað um það?

∴Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig.
Tra la la la lalala
um snjóinn og mig∴∴

Bergljót Hreinsdóttir

Þorraþrællinn 1866 (brot)

Nú er frost á Fróni, frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni liggur klakaþil.
Hlær við hríðarbyl hamragil.
Mararbára blá brotnar þung og há
unnar steinum á, yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn
Harmar hlutinn sinn hásetinn.

Kristján Jónsson

Í rigningu ég syng

Í rigningu ég syng,

í rigningu ég syng.

Það er stórkostlegt veður
mér líður svo vel.

Armar fram og armar að.

Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja tja!

(Lagið endurtekið og lið 2 bætt við os.frv.)

2. Beygja hné

3. Rassinn út

4. Inn með tær

5. Hakan upp

6. Út með tungu

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni.

(klapp, klapp, klapp)

Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna.

(klapp, klapp, klapp)

Við skýin sjáum ykkur hlaupa-ooouúúíh!

Í rokinu!

Klædd gulum, rauðum, grænum bláum regnfötum.


Eins og regnbogi meistarans,

regnbogi meistarans,

við skýin erum bara grá, bara grá,

á morgun kemur sólín, hvað verður um skýin þá?

Nafnavísur og hræyfisöngvar



Keli káti karl

Ég heiti Keli káti karl
og kraftajötunn er.
Þegar ég fer út-út,
hrökkva´allir í kút-kút.
Ég heiti Keli káti karl,
tra-la-la-la-la-la-la-la!

Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló
klifraði upp í tré.
Þá kom regnið og Kalli litli datt.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp.
Kalli litli kónguló klifraði upp í topp.

Dúkkjan hennar Dóru

Dúkkjan hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt.
Hún hringdi og sagði lækni að koma fljótt, fljótt,
fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt,
og hann bankaði á hurðina, rattatatata.
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus.
“Hún strax skal í rúmið og ekkert raus”
Hann skrifaði á miða hvaða pillur hún skildi fá.
“Ég kem aftur á morgun ef hún er enn veik þá”.

Lína langsockur

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman.
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er.
Verðlaun þér ég veiti
ef að veistu hvað ég heiti.
Vaðir þú í villu, þetta vil ég segja þér:

Hér sérðu Línu langsock,
tralla hopp, tralla hei, tralla hopp sa-sa.
Hér sérðu Línu langsock - já, líttu - það er ég.

Svo þú sérð minn apa,
minn sæta, fína, litla apa.
Herrann Níels heitir,
já – hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir,
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri eða frægðarmeiri stað.

Hér sérðu Línu langsock...

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rottu líka.
Og kúffullan af krónum
einnig kistil á ég mér.
Veri allir vinir,
velkomnir, einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið, þá skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu langsock...

Strætisvagninn

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring
hring, hring, hring
hring, hring, hring.
Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring
út um allan bæinn.

Dyrnar á strætó opnast út og inn...

Peningar í strætó segja kling, kling, kling...

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla...

Krakkarnir í strætó segja uh, uh, uh...

Bílstjórinn í strætó segir ssh,ssh, ssh...

Hjólin á strætó snúast...

Kolakassinn

Jói datt oní kolakassann,
hæ fadderí faddí ralalalala.
Anna átti að vera að pass'ann
hæ fadderí faddí ralalalala.
Ef að Palli vissi það
þá yrði hann alveg steinhissa.
Hæ fadderí, hæfaddera, hæfadderí fadderalalala.

Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður,
stóra brúin fer upp og niður
allan daginn.

Bílarnir aka yfir brúna...

Skipin sigla undir brúna...

Flugvélar fljúga yfir brúna...

Fiskarnir synda undir brúna...

Fuglarnir fljúga yfir brúna...

Börnin ganga yfir brúna...

Ein ég sit og sauma

Ein ég sit og sauma
inn í litlu húsi.
Enginn kemur að sjá mig
nema litla músin.

Hoppaðu upp,
lokaðu augunum.
Bentu í austu, bentu í vestur.
Bentu á þann sem að þér þykir bestur.

Frænkuvísur

Ég á gamla frænku sem heitir Ingeborg.
Við eftir henni hermunum er við göngum niður á torg.

:::Og svo sveiflast fjöðrin og fjöðrin sveiflast svo:::
:::Og svo sveiflast hatturinn og hatturinn sveiflast
svo:::
:::Og svo sveiflast karfan og karfan sveiflast svo:::
:::Og svo sveiflast pilsíð og pilsíð sveiflast svo:::
:::Og svo sveiflast sjalið og sjalið sveiflast svo:::
:::Og svo sveiflast frænkan og frænkan sveiflast svo:::

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga - ooohó!
Ég finn það fram í hendur - ooohó!
Ég finn það niður í fætur - ooohó!
Ég finn það upp í höfuð - ooohó!
:::Ég finn það hér og hér og hér og
hér og hér og hér og hér hvað ég er glöð!
Hér inni í mér!:::
(reið, leið, svöng, þreytt o.s.frv.)

Í grænni lautu

Í grænni lautu
þar geymi ég hringinn,
:::sem mér var gefinn,
en hvar er hann nú?::

Hóký Póký

Við setjum hægri höndina inn,
við setjum hægri höndina út,
inn, út, inn, út - og hristum hana til.
Við gerum hóký-póký
og snúum okkur í hring.
Þetta er allt og sumt!

Oooó-Hóký-hóký-póký!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Þetta er allt og sumt!

Fram, fram fylking

Fram, fram fylking,
forðum okkur hættu frá.
Því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú hug,
djörfung og dug.
Vaki, vaki, vaskir menn,
voða ber að höndum.
Sá er okkar síðast fer,
sveipast hörðum böndum.

Ari Jónsson

Ég ætla að syngja,

Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er „nebbinn” minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,
hérna er olnboginn
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru tærnar,
hérna er hællin,
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér.

Fingurnir

Einn lítill,
tveir litlir,
þrír litlir fingur,
fjórir litlir,
fimm litlir,
sex litlir fingur,
sjö litlir,
átta litlir,
nú litlir fingur,
tíu litlir fingur á höndum.

Tíu litlir,
nú litlir,
átta litlir fingur,
sjö litlir,
sex litlir,
fimm litlir fingur,
fjórir litlir,
þrír litlir,
tveir litlir fingur,
einn lítill fingur á höndum.

Fingurnir

Þumalfingur þumalfingur
hvar ert þú ?
Hér er ég, hér er ég
góðan daginn, daginn, daginn.

Fingraþula

Þumal fingur er mamma,
sem var mér vænst og best.
Vísifingur er pabbi,
sem gaf mér rauðan hest.

Lanagatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull.
Baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka úr ull.

Litlifingur er barnið,
sem leikur að skel.
Litli þínu anginn,
sem stækkar svo vel.

Hér er allt fókið
svo fallett og nett.
Fimm eru á bænum,
ef talið er rétt.

Ósköp væri gaman
í þessum heim,
ef öllum kæmi saman
eins vel og þeim.

Talnapulan

Einn og tveir
inn komu þeir.
Þrír og fjórir
furðustórir.
Fimm, sex, sjö og átta
svo fóru þeir að hátta.
Níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plöggin sín niður á gólf.
Svo um miðjan morgun
hún mamma vakti þá.
Þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán
fætur stóðu þeir á.
Fóru svo að smala
niður með á.
Sautján, átján lambærnar
sáu þeir þá.
Níttján voru tvílembdar
torfunum á.
Tuttugu sauðirnir
suður við sel.
Teldu nú áfram og teldu nú vel.

Ég heyri þrumur

:::Ég heyri þrumur:::
:::heyri þú:::
:::droparnir detta:::
:::ég verð gegnblautur:::

Óli og Berta

Óli fór til Bertu, bakaríistertu,
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta, bakaríisterta:
“Bara ef þú elskar mig!”
Þá sagði Óli, sem alltaf var á hjóli,
“Berta, ég elska þig!”
Þá sagði Berta, bakaríisterta,
“Þá máttu kyssa mig!”
 (“kyss - kyss” (kysst út í loftið))

Þegar fólkið fer að búa

Þegar fólkið fer að búa
fer storkurinn að fljúga
og fyrr en nokkurn varir
syngur smábanakór.
Það þarf að skipta á bleyjum
á þessum litlu greyjum
og þvo þær síðan upp úr
þvottadufti og klór.

Nafnavísur

„Þorsteinn” dansar á pallinum
Og „Birna” skellihlær,
„Rebekka” er á sokkunum
Og „Gísli” datt í gær.
„Benni” keyrir bíl með „Hönnu” í
Og „Gunni” kastar bolta til „Klöru”.

Gráðug kelling

Gráðug kelling
hitaði sér velling
og borðaði, namm, namm, namm
síðan sjálf jamm, jamm, jamm
af honum heilan helling.

Svangur karlinn
varð alveg dolfallinn
og star'í svo, sko, sko, sko
heilan dag, o ho ho
ofan í tóman dallinn.

Ég heyri svo vel

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa.
Ég heyri svo vel ég heyri snjóinn snjóa.
Ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa.
Heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færirst nær þér.
Þú finnur það vel, þú kemur nær mér.
Þú finnur það vel, allt fæðist í þér.
Andlitin lifna og húsin dansa
og vindurinn hlær.

Nammilaðið

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí,
rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út.

Aaaaaaaa.

--rosalegt fjör yrði þá.

Ef snjórinn væri úr sykarpúð og poppi,
rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út.

Aaaaaaaa.

--rosalegt fjör yrði þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó,
rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út.

Aaaaaaaa.

--rosalegt fjör yrði þá.

Bergljót Hreinsdóttir

Bakarinn

Fyrst drögum við skúffuna út
og svo ýtum við skúffuni inn
og reykurinn fer upp um skorsteininn.
Hér niður frá býr gamall bakari
og hann bakar margar fínar kökur
og reykurinn fer upp um skorsteininn
“klapp klapp”

Hreyfa litla.

Hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur
og frjósa eins og skot!

(tær, tungur, nebba, augu,
hendur, fætur o.s.frv.)

Höfuð, herðar, hné og tær

Höfuð, herðar hné og tær
hné og tær.
Höfuð, herðar hné og tær
hné og tær.
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar hné og tær
hné og tær.

Einn var að smíða

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat.
Þriðji kom og bætti um betur
hann boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt,
hann boraði á hana tvö,
hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.

Við klöppum öll...

Við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
það líkar okkur vel!
(stöppum, hoppum, grátum, hlæjum,
sofum, hvíslum, smellum o.s.frv)

Þú skalt klappa....

Þú skalt klappa ef þú hefur léttu lund, (klapp klapp)
Þú skalt klappa ef þú hefur léttu lund, (klapp klapp)
Þú skalt klappa allan daginn,
svo það heyrir útum bæinn.
Þú skalt klappa ef þú hefur léttu lund. (klapp klapp)

Stappa, smella, hoppa, hlæja.....

Söngvasveinar

Við erum söngvasveinar á leiðinni út í lönd.
Við erum söngvasveinar á leiðinni út í lönd.
Við leikum á flautu,
skógarhorn og skógarhorn.
Við leikum á flautu,
fiðlu og skógarhorn.
OOOOg við getum dansað hoppersassa hoppersassa.....

Barnagætlur og lausavísur



Lausavísur

Sigga litla systir mín
situr úti í götu
ána sína auðarlín
er að mjólka í fötu

Klappa saman lófunum
reka féð úr móunum
vinna sér inn bita
láta ekki hann pabba vita

Klappa saman lófunum
reka féð úr móunum
tölta á eftir tófunum
tína egg frá spóunum

Bíum, bíum bamba
börnin litlu þamba
fram á fjallakamba
þau fara að leita lamba

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi
að sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa
þau eru bæði sæt og fín
og þangað vil ég fljúga

Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera
hún mun seinna á mannamót
mig í söðli bera

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga.
þarna siglin einhver inn
ofurlítil dugga

Fuglinn segir bí bí bí
bí bí segir Stína
kveldúlfur er kominn
í kerlinguna mína

Grýla á sér lítinn bát
rær hún fyrir sandi
þegar hún heyrir barnagrát
flýtir hún sér að landi

Rauður minn er sterkur, stór
stinnur mjög til ferðalags
suður á land hann feitur fór
fallegur á tagl og fax

Runki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka
yfir holt og hæðirnar
hann lét klárinn brokka

Ýmsir höfundar

Pabbi, pabbi minn

Pabbi, pabbi minn,
pabbi segir hann Steini,
komdu komdu inn,
komdu vinurinn eini.
En þegar ég er orðinn stór
elti ég þig um bæinn,
er með þér úti í kirkju og kór
og hvar sem þú verður á daginn.

Palli var einn í heiminum

Ég þekki einn lítinn labbakút
sem langaði til að stelast út.
Á litlu tánum læddist einn,
og langaði ekki að vekja neinn.
A-ha-ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.
A-ha-ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Og út á götu æddi hann,
og ekki nokkurn þar hann fann.
Suður í búð hann síðan gekk,
og súkkulaðimola fékk.
A-ha-ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.
A-ha-ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman.
Leika úti og inni
og allir eru með.

Hnoða leir og lita,
þið ættuð bara að vita,

hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

Sofðu, unga ástin mín

Sofðu, unga ástin mín
úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín,
gamla leggi og völuskrín.
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit,
minn er hugur þungur.
Oft ég svartan sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi sofðu rótt,
seint mun best að vakna.
Mæðan kenna mun þér fljótt,
meðan hallar degi skjótt,
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.

Fimmeyringurinn

Ef að nú hjá pabba einn fimmeyring ég fengi,
fjarskalega hrifin og glöð ég yrði þá.
Ég klappa skyldi pabba og kyssa vel og lengi
og kaupa síðan allt sem mig langar til að fá.

Fyrst kaupi ég mér brúðu sem leggur aftur augun
og armbandsúrið fína af fallegustu gerð.
Og af því hvað hún mamma er orðin þreytt á taugum,
þá ætla ég að kaupa bíl í hverja sendiferð.

Hjólhest og járnbraut ég ætla að gefa Geira,
gríðarstóra flugvél ég kaupi fyrir Finn,
svo kaupi ég mér döðlur og súkkulaði og fleira
og síðan skal ég gefa pabba allan afganginn.

Ræningjávísur

Við læðumst hægt um laut og gil
og leyndar þræðum götur.
Á hærusekki heldur einn
en hinir bera fötur.
Að ræna er best um blakka nótt
í bænum sofa allir rótt.
Þó tökum við aldrei of eða van,
hvorki Karper né Jesper né Jónatan.

Í bakarí við brjótumst inn en bara lítið tökum.
Tólf dvergsmá brauð, sex dropaglös
og dálítið af kökum.
Svo étur kannski Jónatan
af jólaköku bláendann.
Þó tökum við aldrei of eða van,
hvorki Karsper né Jesper né Jónatan.

Nú fyllt við höfum fötu og sekk
af fæðu, drykk og klæðum.
Og allt í lagi eins og ber en um það fátt við ræðum.
Og margt að annast mun í dag
en matargerð er okkar fag.
Þó störfum við aldregi of eða van
hvorki Karsper né Jesper né Jónatan.

Lonniætturnar

Ég lonniætturnar lét á nefið,
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei,
og lifað gæti ég ei án þín.
Tra-la-la-la-la-la ljúfa,
tra-la-la-la-la-la ljúfa.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei,
og lifað gæti ég ei án þín.

Ríðum heim til Hóla

Ríðum heim til Hóla.
Pabba kné er klárinn minn,
kistill mömmu fákur þinn.
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum út að Ási.
Ef við höfum hraðann á,
háttum þar við skulum ná.
Ríðum út að Ási.

Ríðum heim að Hofi.
Senn er himni sólin af
sigin ljós í vesturhaf.
Ríðum heim að Hofi.

Guðmundur Guðmundsson

Kanntu brauð að baka

Kanntu brauð að baka?

Já, það kann ég.

Svo úr því verði kaka?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu mat að sjóða?

Já, það kann ég.

Og gestum heim að bjóða?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu ber að tína?

Já, það kann ég.

Stoppa í sokka mína?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að sjóða fiskinn?

Já, það kann ég.

Og færa hann upp á diskinn?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að vagga barni?

Já, það kann ég.

Þrjóna sokka úr garni?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Sérðu hér er hringur?

Já, það sé ég.

Ég set hann á þinn fingur?

Já, það vil ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Prestinn mun ég panta

Já, það vil ég.

Því hann má ekki vanta.

Nei, það skil ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Við erum góð

Við erum góð, góð hvert við annað

aldrei stríðum eða meiðum neinn.

Þegar við grátum huggar okkur einhver

þerrar tár og klappar okkar kinn.

Þegar við grátum huggar okkur einhver

þerrar tár og klappar okkar kinn.

Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman.
Þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Út um stéttar urðu þar
einatt skrýtnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

Þorsteinn Erlingsson

Úr ýmsum áttum



Grænmetissöngurinn

Þeir sem bara borða kjöt og bjúgu alla daga,
þeir feitir verða og flámæltir og fá svo illt í maga.

En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur,
kálið og hrámeti.

Þá fá allir hraustan maga,
menn þá verða alla daga
eins og lömbin úti í haga,
laus við slen og leti.

Fatavísur

(lag: Gamli Nói)

Sumarfötin, sumarfötin setjum inn í skáp
Geymum þau í vetur og klæðum okkur betur.
Sumarfötin, sumarfötin setjum inn í skáp.

Þykku fötin, þykku fötin þykja best í snjó.
Þegar út við þjótum og karl úr snjó við mótum.
Þykku fötin, þykku fötin þykja best í snjó.

Pollafötin, pollafötin puðumst við nú í.
Úti regnið bylur, stétt og steina hylur.
Pollafötin, pollafötin puðumst við nú í.

Lagið um það sem er banað

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti ofan í skurð.
Ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.
Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó,
ekki týna blómin sem eru úti í beði
og ekki segja "ráddi" heldur "réði".

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt,
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall.
Ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.
Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð,
ekki fara að hlæja þó einhver sé að detta,
-ekki gera hitt og ekki þetta!

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið.....

Við setjum svissinn á

Við setjum svissinn á og við kúplum gírnum frá
og við störtum og druslan fer í gang
Drun drun.
Það er enginn vandi að aka bifreið
Bara ef maður getur komið henni í gang.
Drun drun.

Dagar og mánuðir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur og fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur
og þá er vikan búin.

Janúar, febrúar
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst.
September, október,
nóvember og desember.

Komdu nú

Komdu nú og kysstu mig
kærastan ég bið þig.
Yndisleg og ástúðleg
æ, segju já.
Hún svarar nei, nei, nei.
Nefndu ekki, svei, svei, svei.
Fussu, fussu, nei, nei, nei.
Nei það er frá

Skugginn minn

Ég á lítinn skritinn skugga
skömmin er svo líkur mér,
hleypur með mér úti og inni,
alla króka sem ég fer.

Allan daginn lappaléttur
leikur hann sér kringum mig.
Eins og ég hann er á kvöldin
uppgefinn og hvílir sig.

Það er skrítið, ha ha ha ha
hvað hann getur stækkað skjótt.
Ekkert svipað öðrum börnum,
enginn krakki vex svo fljótt.

Stundum eins og hugur hraður
hann í tröll sér getur breytt
Stundum dregst hann saman saman
svo hann verður ekki neitt.



Tönnin mín

Tönnin mín, tönnin mín
tönnin mín er hvít og fín.
Burstuð hún alltaf er
bæði þar og hér.
Borða góðan hollan mat
á tönnina ekki kemur gat
Tönnin mín, tönnin mín
alltaf hvít og fín

Tönnin er með gati hér
grátandi hún líka er.
Burstuð hún ekki var
hvorki hér né þar.
Karlús á henni sat
og hjó í hana stærðar gat.
Tönnin er með gati hér
grátandi hún er.

Við litum

Ég heiti Óli rauði og allir þekkja mig,
því allir jólasveinar nota rautt í föt á sig.
Rauð eru eplin góðu og reyniberin smá
og rauður er hann kjóllinn sem hún Gunna á að fá.

--Viðlag:

Já, við litum og við litum,
og við litum stórt og smátt.
Við litum grænt og brúnt og rautt
og gult og fagurblátt.
Já, við litum og við litum
allt sem litir geta prýtt.
Og líki okkur það ekki,
við byrjum upp á nýtt.

Ég heiti Stjáni blái og blátt ég lita flest,
berjaklasa, fjóluvönd og ævintýrahest.
Blá eru líka vötnin og blár er fjörðurinn,
og bláa litinn notar þú á sjálfan himininn.

--Viðlag

Ég heiti Gústi græni á greni, skóga og hey
þú getur notað litinn minn, á vetrum sést ég ei.
En þegar vorið kemur, þá kem ég fljótt í ljós,
og klæði grænu engin, tún og blöð á hverri rós.

--Viðlag

Ég heiti Geiri guli og er gulur eins og sól.
Gulur eins og fífill eða kertaljós um jól.
Blandaður með rauðu er ég eins og kvöldroðinn,
með ósköp litlu bláu eins grænn og skógurinn.

--Viðlag

Ryksugulaðið

Ryksugan á fullu, étur alla drullu,
trallalara, trallalara, trallararamm.
Sópa burtu ryki með kústi og gömlu priki,
trallalara, trallalara, trallararamm.

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa
og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa,
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Út með allan skítinn svo einhver vilji lít'inn,
trallalara, trallalara, trallararamm.
Skúra, skrúbba og bóna, rífa af öllum skóna,
trallalara, trallalara, trallararamm.

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa
og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa,
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Ólafur Haukur Símonarson

A B C D

A,b,c,d,e,f,g
Eftir kemur h,i,j,k
L,m,n,o einnig p
Ætli ég q þar standi hjá.
R,s,t,u,v eru þar næst
X,y,z,þ,æ,ö
Allt stafrófið er svo læst
Í erindi þessi lítil tvö.

Bíðlaðið

Svarti Pétur ruddist inn í bankann,
með byssuhólk í hvorri hönd.
Heimtaði með þjósti peningana
og bankastjórann hnepti í bönd.

Upp með hendur, niður með brækur,
peningana, ellegar ég slæ þig í rot.
Haltu kjafti, snúðu skafti,
aurinn eins og skot.

Svarti Pétur brölti uppá jálkinn
og þeysti burt með digran sjóð.
Þeir eltu hann á átta hófa hreinum,
auk Nonna sem rakti slóð.

Upp með hendur,

∴;Hesma, þúsma, mesma, vosma, kasma, isma,
hesma, þúsma, mesma, hosma? - Já!∴;

Þeir náðu honum nálægt Húsafelli,
og hengdu hann upp í næsta tré
Réttlætið það sigraði að lokum,
og bankinn endurheimti féð.

Upp með hendur,

Súrmjólkursöngurinn

Ég er bara fimm ára og kenna á því fæ.
Klukkan sjö á morgnana er mér dröslað niður í bæ.
Enginn tekur eftir því þótt heyrist lítið kvein,
því mamma er að vinna og orðin allt of sein.

Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á kvöldin,
mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er.
Það er misjafnt hvernig mennirnir notfæra sér völdin,
en eitt er víst að pabbi minn ræður öllu hér.

Svo inn á dagskólann mér dröslað er í flýti,
mig sárverkjar í handleggina eftir mömmu tog.
En þar drottinnar dagmamma með ótal andlitslýti,
það er eins og hún hafi fengið hátt í hundraðþúsund
flog.

Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á kvöldin,
mamma er svo stressuð, þó mest á sjálfri sér.
Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á kvöldin,
mér er sagt að þegja þegar fréttatíminn er.

Allur Matur

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið þið það, heyrið þið það,
svo ekki gauli garnirnar.

Indíanałagið

Það voru einn og tveir og þrír indíánar,
fjórir og fimm og sex indíánar,
sjö og átta og níu indíánar,
tíu indíánar í skóginum.

Allir voru með byssur og boga,
allir voru með byssur og boga,
allir voru svo kátir og glaðir,
þeir ætluðu að veiða björninn.

Uss, þarna heyrðu þeir eitthvað braka,
uss þarna heyrðu þeir fugla kvaka,
fram kom stóri og grimmi björninn
og þá hlupu þeir allir heim til sín.

Þá hlupu einn og tveir og þrír indíánar,
fjórir og fimm og sex indíánar,
sjö og átta og níu indíánar
en einn indíáni varð eftir.

Hann var ekki hræddur við grimma björninn,
hann kom og skaut og hitti björninn,
svo tók hann með sér allan haminn
og hélt heim til hinna níu.

Þá komu einn og tveir og þrír indíánar,
fjórir og fimm og sex indíánar,
sjö og átta og níu indíánar
að sjá hann.

Það er leikur að læra

Það er leikur að læra,
leikur sá er mér kær
að vita meira og meira,
meira í dag en í gær.
Bjallan hringir við höldum
heim úr skólanum glöð.
Prúð og frjálsleg í fasi,
fram nú allir í röð.

Stígvélalag. (lag: a b c d)

Gúmmístígvél ganga hér,
gul á litinn þykir mér.
Gott er að eiga góða skó
í rigningu og miklum snjó.

Gúmmístígvél hlaupa hér
rauð á litinn sýnist mér.
Hlauptu ekki svona hratt
þú sem átt svo flottan hatt.

Gúmmístígvél dansa hér,
græn að lit það sýnist mér.
Gott er að eiga góða skó,
í sólskini og grænum mó.

Gúmmístígvél koma hér,
blá þau eru sýnist mér.
Á þeim eru einhver göt,
og þau eru orðin löt.

Fisk og franskar

Mér finnst best að borða blómkálssúpu og brauð,
hamborgara, kjúklinga og súkkulaðifrauð.

Fisk og gos og franskar, finnst mér gott að fá
og flatköku með miklu smjöri og hangikjöti á.

Fisk og franskar finnst mér gott að fá
og flatköku með miklu smjöri og hangikjöti á.

Fisk og franskar finnst mér gott að fá
og flatköku með miklu smjöri og hangikjöti á.

(Bergljót Hreinsdóttir)

Á íslensku má alltaf finna svar

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var.
Og hún á orð sem geyma gleð og sorg
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál.
Þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn nema ég og þú.

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson

Hnátutátublús

Hnátutátan vaknaði og núna vakna ég
og núna vakna allir hér á sama veg.
o ho ho ho ho ho hnátutátublús.
Hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu - BLÚS.

Hnátutátan klappaði / stappaði / spilaði / smellti /
dansaði / hoppaði / sofnaði ...

Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,
ég á lítið skrýtið nef.
Ég á augabrúnir, augnalok
sem lokast þegar ég sef.
Ég á kinnar og varir rauðar
og á höfði hef ég hár.
Eina tungu og tvö lungu
og lengst inni hef ég sál.

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær.
Tvær hendur og tvo fætur
tíu fingur og tíu tær.
Ég get gengið, ég get hlaupið
ég kann að tala mannamál.
Ég á bakhlið, ég á framhlið
og heila sem er klár.

Því ég er furðuverk
algjört furðuverk.
Sem að guð bjó til.
(lítið samt ég skil)

Í heilanum spurningum
ég velti fyrir mér.
Og stundum koma svörin
svona eins og af sjálfu sér.
En samt er margt svo skrítið
sem ég ekki skil.
En það gerir ósköp lítið til
því mér finnst gaman að vera til.

Hátt upp í fjöllum (Skoppa og Skríttla)

Hátt upp í fjöllum
þar búa tröllin.
Tröllapabbi, tröllumamma
og litli Trölli Rölli.
Pú, sagði tröllapabbi.
Pú, sagði tröllumamma.
En hann litli Trölli Rölli
sagði ekki neitt.
Usssssss.....

Langt inní skóginum
þar búa ljónin.
Ljónamamma, ljónapabbi
og litli ljónsi fjónsi.
Urr segir ljónamamma,
urr segir ljónapabbi.
En hann litli ljónsi, fjónsi
segir bara mjá,
mjáááááááá

Ef þú ert sūr

Ef þú ert sūr, vertu þá sæltu
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sūt eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.
Galdurinn er geta brosað,
get í hláturböndin tosað.
Geta hoppað hlegið sungið endalaust.

Ef þú ert fýldur þá líkistu apa
eða krókódfíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sūt eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru
Galdurinn er geta brosað,
get í hláturböndin tosað.
Geta hoppað hlegið sungið endalaust.

Ef þú ert illur þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti.
Ekkert er varið í sūt eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru
Galdurinn er geta brosað,
get í hláturböndin tosað.
Geta hoppað hlegið sungið endalaust.

Lítill heimur

Það er gott að vera sem gleðin býr
þar sem gerast sögur og ævintýr.
Svona er veröldin okkar
sem laðar og lokkar
svo ljúf og hýr.
Lítill heimur, ljúfur, hýr
Lítill heimur, ljúfur, hýr
Lítill heimur, ljúfur, hýr
eins og ævintýr.

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Bíum, bíum bróðir minn góður
blunda fram á komandi dag.
Því pabbi minn fór að sigla á sjó
um sængina mína hún mamma mín bjó.
Bíum, bíum bróðir minn góður
blunda fram á komandi dag.

Næturljóð úr Fjörðum

Yfir í Fjörðum allt er hljótt
eyddur hver bær hver þekja fallin.
Kroppar þar gras hjá grænni tóft
gimill um ljósa sumarnótt.
Ókleifum fjöllum yfirskyggð
ein er þar huldufólksbyggð.

Bátur í vör með brostna rá
bíður þar sinna endaloka.
Lagði hann forðum landi frá
leiðina til þín um fjörðinn blá.
Aldrei mun honum ástin mín
áleiðis róið til þín.

Fetar þar létt um fífusund
folaldið sem í vor var alið.
aldrei ber það um óttustund
ástinna mína á vinarfund.

Grær yfir leiði, grær um stein,
gröfin er týnd og kirkjan brotin.
Grasrótin mjúka, græn og hrein
grær yfir huldufólksins bein.
Grær yfir allt sem eitt sinn var.
Ástin mín hvílir nú þar.

Böðvar Guðmundsson